

Ársskýrsla öryggishóps Skýrslutæknifélags Íslands 2019

Stjórn hópsins var skipuð 7 mönnum sem tóku allir virkan þátt í starfsemi hópsins. Seint á starfsárinu sagði Ingimar Örn Jónsson sig úr hópnum og Knútur B. Otterstedt hóf að starfa með hópnum og býður Knútur sig fram til áframhaldandi starfa með hópnum. 247 manns eru skráðir á póstlista hópsins sem fá send boð um viðburði á vegum hópsins.

Á starfsárinu 2019-2020 var stjórn öryggishópsins þannig skipuð:

- Bergsteinn Karlsson, Syndis
- Ingimar Örn Jónsson, Háskóli Íslands
- Jón Finnbogason, Síminn
- Kristján Valur Jónsson, Póst- og fjarskiptastöfnun
- Sigurður Emil Pálsson, Innanríkisráðuneyti
- Sigurður Mátsson, Advania
- Tryggvi Farestveit, Opin kerfi

Starfsemi:

Á starfsárinu voru haldnir tveir hádegisverðarfundir sem báðir voru sóttir af rúmlega 100 manns, auk reglulegra stjórnarfunda en þeir eru opnir öllum meðlimum hópsins. Hádegisverðarfundirnir voru:

- „HVERNIG GREINUM VIÐ VEIKLEIKA?“, haldinn 20. mars 2019. Á fundinum var fjallaðu um stefnur og strauma í veikleikagreiningu og viðfangsefnið nálgast frá mismunandi hliðum. Björn Símonarson frá SecureIT flutti fyrirlestur um Veikleikastjórnun og öryggisprófanir: Áskoranir til framtíðar, Gunnar Leó Gunnarsson frá Nanitor flutti fyrirlestur um hvernig mætti herða núverandi kerfi og hugbúnað, Theódór R. Gíslason frá Syndis flutti áhugaverðan fyrirlestur um hvernig bæri að bregðast við þegar veikleikar finnast og í lokin voru haldnar pallborðsumræður, fundarstjóri var Guðbjörg Sigurðardóttir. Á fundinn mættu um 100 manns
- „ERUM VIÐ BERSKJÖLDUÐ Í SKÝINU?“, haldinn 23. október 2019. Á fundinum var farið yfir hvað skýjalausnir eru og hvað ber að hafa í huga þegar farið er í þá vegferð að „skýjavæða“ núverandi lausnir eða þjónustur. Hvort hætta stafaði af því að nýta þær sem og hvaða lagaleghliðar þurfi að huga að. Steingrímur Óskarsson frá Advania fjallaði um skrifstofuna í skýinu og að hverju notendur Office 365 þurfa að huga til að tryggja öryggi ganga sinna. Hólmfríður Sigríður Jónsdóttir frá fjármálaráðuneytinu fjallaði um hvaða hindranir höfðu komið í ljós í Noregi í tengslum við flutning á gögnum, Hörður Helgi Helgason frá Landslögum fjallaði um lagalegu hliðina í tengslum við að nýta skýjaþjónustur og Steinar Hugi Sigurðsson frá Indó fjallaði um yfir helstu áskoranir og tækifæri við útvistun vefþjónusta til skýjaþjónustuaðila. Fundarstjóri var Halla Gunnarsdóttir frá forsætisráðuneytinu sem einnig stýrði pallborðsumræðum í lokin. Alls sóttu um 120 manns fundinn.

Er óhætt að segja að starf öryggishópsins hafi verið gróskumikið á starfsárinu og fundir hans og uppákomur hafa jafnan hlotið mikla athygli. Framundan er spennandi starfsár, þar sem mikið er að gerast í tölvuöryggismálum.

Reykjavík, 27. febrúar 2020,

f.h. öryggishóps Skýrslutæknifélags Íslands, Sigurður Mátsson, formaður